



## Umhverfisskýrsla.

### 1. Almennt:

Við vinnslu deiliskipulagsbreytingar var styrking á tengslum hafnar og miðborgar höfð að leiðarljósi og niðurstaðan sú að mikilvægt sé að hægja á og minnka umfang akandi umferðar á svæðinu sem skapar möguleika á fullnægjandi þverun gangandi og hjólandi umferðar á akstursleið þvert í gegnum svæðið.

Þær aðgerðir sem breytingin tekur til hafa ekki áhrif á fyrirhuguð framtíðaráforð um uppbyggingu samkvæmt aðalskipulagi.

Helstu atriði sem deiliskipulagsbreyting tekur til eru eftirfarandi:

Einföldun á umferðarflæði á Kalkofnsvegi / Lækjargötu / Geirsgötu þar sem gatnamót verða einfölduð en nýjum bætt við á Kalkofnsvegi til móts við Tónlistar- og Ráðstefnuhúsið Hörpu til að liðka fyrir umferð til og frá húsinu. Þessi aðkeyrsla kemur í stað þeirrar sem fyrirhuguð var í framhaldi af Lækjargötu sunnan byggingarreits 6 og er liður í þeim áformum að hægja umferð um svæðið m.a. til að auðvelda tengsl borgarsvæðis og hafnar, minnka malbikað yfirborð og þversnið gatna. Aðkeyrsla að bílahúsi sunnan byggingarreits 6 er felld niður. Því fækkar aðkeyrslum í bílahús úr tveimur í eina.

Umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er sett í götuhæð í stað þess að vera á brú yfir Kalkofnsveg annars vegar og í göngum undir Geirsgötu hins vegar. Byggingarreitir 3 og 4 sem þveruðu Geirsgötu eru felldir niður. Leyfilegt byggingarmagn á reit 3 var 720m<sup>2</sup> og á reit 4 730m<sup>2</sup>. Við niðurfellingu reitanna minnkar byggingarmagn á skipulagssvæði um 1450m<sup>2</sup>.

Hægt verður á umferð um svæðið til hagsbóta fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og biðstöðvum strætisvagna fundinn staður beggja vegna Kalkofnsvegur.

Í matsskýrslu bílastæðahúss við Austurhöfn var fjallað um umferð og hávaða frá umferð við Geirsgötu á grundvelli deiliskipulags við Tónlistar- og Ráðstefnuhús. Þar er gert ráð fyrir að umferðarþungi á Geirsgötu sé 30 - 40.000 bílar á sólarhring sem er innan þeirra marka sem fjögurra akreina gata flytur. Lækkun hraða hefur lítil áhrif á umferðarflæði jafnvel á mestu álagstímum en þeir eru á Geirsgötu milli klukkan 16 og 17. Umferðaralag á þessum tíma reiknast um 10% af sólarhringsumferð.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar hefur umferð um Geirsgötu minnkað um 5.000 bíla á sólarhring frá því að umferðarhermun var gerð árið 2004 og er nú um 20.000 bílar á sólarhring.

Í ljósi yfirlýstrar samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og þeirrar áherslu sem lögð er á fjölbreytta ferðamáta, ekki síst í nágrenni miðborgar, má gera ráð fyrir að umferðaraukning vegna uppbyggingar vestan miðborgarinnar verði minni en áætlað var. Til viðbótar má nefna að unnið er að lækkun á umferðarhraða almennt í borginni.

Í ljósi þessa má reikna með að umferðarýmnd á Geirsgötu sé fullnægjandi og að ekki sé verið að vísa umferð á aðrar götur með fyrirhugaðri breytingu á umferðarhraða.

Mikilvægt er að úttekt á aðgerðum þessum verði gerð reglulega svo bregðast megi við nýjum aðstæðum ef upp koma.

### 2. Aðferðir:

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar var eingöngu beitt huglægum aðferðum. Lagt var mat á þrenn almenn umhverfisviðmið auk tveggja atriða í *markmiðum* deiliskipulagins. Auk skipulagshöfunda komu starfsmenn Skipulags- og byggingarsviðs og Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar að umhverfismatinu.



## 3. Umhverfismat tillögunnar.

Við matið voru skoðuð áhrif vegna minnkaðs byggingarmagns annarsvegar og breytinga á umferðarkerfi hinsvegar:

BREYTING Á UMFERÐARMANNVIRKJUM		Umhverfisáhrif (neikvæð -, jákvæð +, háð útfærslu -/+, óvissa ?)				
Umhverfisþáttur: Heilsa og útivera		-	+	-/+	?	Skýringar og tillögur að breytingum á stefnu (mótvægisaðgerðir)
Umhverfisviðmið	Draga úr neikvæðum áhrifum umferðar á heilsu		x			Geirsgata mun verða hönnuð sem sérstakt akstursvæði með forgang gangandi. Þar mun því umferðarhraði minnka sem þýðir bætt öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Lækkun umferðarhraða hefur lítil áhrif á afkastagetu og umferðarflæði. Malbikaðir fletir munu minnka um rúmlega 1500m <sup>2</sup>
	Efla hjólréiðar, umferð gangandi og notkun strætisvagna		x			Stofnstígur í gegnum svæðið mun nú fylgja Sæbraut, Kalkofnsvegi og Geirsgötu og vera í plani og því um greiða leið að ræða sem frekar ætti að efla hjólandi og gangandi umferð. Vinstri beygja inn að TR frá Kalkofnsvegi auðveldar strætisvögnum að þjóna húsinu.
	Draga úr hljóðmengun frá umferð í íbúðarbyggð		x			Umferðarhraði mun minnka til muna með lækkun hámarkshraða, frekari ljósastýringu og minni umferðarrým, sem þó mun ekki hafa teljandi áhrif á afkastagetu gatna. Það mun þýða verulega minnkun á umferðarhávaða til hagsbóta fyrir umhverfið, eða samkvæmt líkani fyrir hávaðaútreikniga, um 2.5dB(A) í 10 metra fjarlægð frá götu miðað við 30.000 bíla á sólarhring og lækkun umferðahraða um 10 km/klst, frá 50 í 40km/klst.
Skipulagsmarkmið	Að móta skjólsæl rými sem stuðli að öflugara mannlífi í miðborginni.			x		Við það að hætt er við gönguleið undir Geirsgötu eru áhrif á skjólmyndun háð útfærslu göngugötu. Hér þarf að vinna skjólmyndandi aðgerðir í götuplani en hætta var á "vindgöngum" undir brú í fyrra skipulagi
	Að byggja upp öruggt umferðarkerfi þar sem sérstök áhersla er lögð á liðugt flæði gangandi umferðar og tengingar við nærliggjandi svæði	x				Gönguleið undir Geirsgötu og göngubrú yfir Kalkofnsveg eru felldar niður. Til þess að draga úr neikvæðum áhrifum þess á flæði gangandi umferðar, er gengið frá sérstöku svæði með forgangi gangandi á Geirsgötu og sett upp ljósastýrð gangbraut á Kalkofnsveg á móts við Hörpu, sem er í beinum tengslum við gönguleiðir austan Kalkofnsvegar og við Skúlagötu. Minnkuð umferðarrým á stofnbraut hefur ekki áhrif á þau uppbyggingaráform sem aðalskipulag gerir ráð fyrir.



MINNKAÐ BYGGINGARMAGN		Umhverfisáhrif				
		(neikvæð -, jákvæð +, háð útfærslu -/+, óvissa ?)				
Umhverfisþáttur: Heilsa og útivera		-	+	-/+	?	Skýringar og tillögur að breytingum á stefnu (mótvægisaðgerðir)
Umhverfisviðmið	Draga úr neikvæðum áhrifum umferðar á heilsu		x			Minnkað byggingarmagn mun hafa í för með sér minni umferð
	Efla hjólreiðar, umferð gangandi og notkun strætisvagna				x	Minnkað byggingarmagn mun hafa lítil áhrif á eflingu hjólreiða og gangandi umferðar, en kann að draga lítillega úr notkun strætisvagna vegna færri heimsóknna á svæðið
	Draga úr hljóðmengun frá umferð í íbúðarbyggð		x			Minnkað byggingarmagn mun hafa í för með sér óverulega minnkun á umferð og minnkun á hljóðmengun í því hlutfalli
Skipulagsmarkmið	Að móta skjólsæl rými sem stuðli að öflugara mannlífi í miðborginni.			x		Við það að hætt er við gönguleið undir Geirsgötu og byggingar meðfram þeirri leið eru áhrif á skjólmyndun háð útfærslu göngugötu
	Að byggja upp öruggt umferðarkerfi þar sem sérstök áhersla er lögð á liðugt flæði gangandi umferðar og tengingar við nærliggjandi svæði				x	Minnkað byggingarmagn mun ekki hafa áhrif á flæði gangandi umferðar

#### 4. Niðurstöður.

Helstu þættir sem fram koma í umhverfismatinu snúa að þverun gangandi og hjólandi umferðar á Geirsgötu og Kalkofnsvegi. Mótvægisaðgerðir verða talsverðar breytingar á akandi umferð um svæðið og skulu framkvæmdir miðast við þarfir gangandi vegfarenda.

Til þess að gera áður nefndar gönguleiðir öruggari er leitast við að hægt verði á umferð með ljósastyrðum gatnamótum og þveranir gatna verði svo úr garði gerðar að þar hafi gangandi vegfarendur forgang. Margvíslegar leiðir eru að slíku markmiði, svo sem sértæk lýsing, hækkan yfirborðs eða önnur efnisnálgun sem auðkennir gönguleiðir.

Fyrirhugaðar breytingar hafa áhrif á umferð þar sem umferðarhraði verður minnkaður en áhrif á flutningsgetu verða lítil þar sem unnið er að lækkan hámarkshraða almennt í borginni og því einnig á götum vestan skipulagssvæðisins svo sem á Hringbraut.